

HJARTAVERND



Vinnингur margra

- ávinnингur allra

Allir hafa ástæðu til að taka þátt í happdrætti SÍBS. Fjórði hver miði hlýtur vinning sem þýðir að 18.750 manns hljóta vinning á þessu ári. En jafnframt því að hafa góða möguleika á vinnungi eflir þú með þátttöku þinni möguleika SÍBS til þess að halda áfram uppbyggingu að Reykjalundi og Múlalundi til hjálpar þeim fjölda fólks sem þarf á endurhæfingu að halda.



Happdrætti SÍBS

HJARTAVERND



15. ÁRGANGUR
1. TÖLUBLAÐ
MAÍ 1978

Búvörur og neysluþörf

EFNISYFIRLIT:

BÚVÖRUR OG NEYSLUÞÖRF

1

RANNSÓKN HJARTAVERNDAR Á SAUÐÁKRÓKI

3

KOLVETNI

ÁRSÆLL JÓNSSON

4

NEYSLUVENJUR OG HEILSU FAR

13

ÁSLAUG RAGNARS OG SNORRI PÁLL SNORRASON

HÁPRÝSTINGSDAGURINN

18

DR. H. MATHLER DR. SIGURÐUR SAMÚELSSON

HAPPDRÆTTI HJARTAVERNDAR

21

FRÉTTIR, FRÁSAGNIR O.FL.

17 - 21

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:
SVANSPRENT HF.

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG
ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRN: SNORRI P. SNORRASON, NIKULÁS
SIGFÚSSON OG STEFÁN JÚLÍUSSON

AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,
AUSTURSTRÆTI 17, VI. HÆÐ - SÍMI 19420

Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um neysluvenjur íslendinga og mataræði. Þessar umræður hafa annað veifið snúist upp í deilur, stundum óþarflega harðar. Deilurnar eiga rót sína að rekja til þess að oddvitar bænda og forsvarsmenn landbúnaðar virðast vera þeirrar skoðunar að þeir sem þörf telja á breyttum neysluvenjum landsmanna séu að grafa undan sveitabúskap og ráðast á lífsafkomu bænda. Þar sem Hjartavernd hefur komið hér nokkuð við sögu er ekki nema rétt og sanngjarnt að eyða ofurlitlu rúmi þessa rits í að ræða þessi mál. Vissulega er þetta alvörumál á báða bóga, líf og heilsa fjölmargra manna er undir því komið að þeir neyti fæðu við hæfi og tómt mál er að tala um íslenskt þjóðlíf án landbúnaðar.

Kjarni þessa máls er að sjálfsögðu sá hvort skynsamleg framleiðsla landbúnaðarafurða og skynsamleg neysla þeirra geti farið saman. Enginn neitar því að flestar landbúnaðarvörur eru holl og nauðsynleg fæða. Spurningin er hinsvegar sú hvort þær séu allar jafnhollar öllum og hvort þeirra skuli neytt i sama mæli af ungum og öldnum, veilum og hraustum. Sömuleiðis er þess að gæta að fæðutegund getur verið með ýmsu móti þótt hún kallist sama nafni.

Rannsóknir Hjartaverndar á undanförnum árum benda ótvíraett til þess að fjölða manns sé beinlínis heilsusamlegt að breyta um mataræði. Hér er um hlutlausa rannsókn að ræða sem í grundvallaratriðum á ekkert skyld við fyrirskipun um framleiðslu vissra matvæla. Hitt er jafnsatt að rannsókn væri harla lítil virði ef hún leiddi ekki einhver ákveðin sannindi í ljós. Sérfræðingar Hjartaverndar verða því ekki ásakaðir þótt

rannsóknir þeirra gefi bindingar um nauðsyn á breyttu mataræði og breyttum lífsvenjum fólks.

Í umræðum um þessi efni hefur því þrafaldlega verið haldið fram að íslenska þjóðin hafi lifað á landbúnaðarafurðum frá fyrstu tíð og kindakjöt, mjólk og mjólkurmatur hafi verið kjarninn í fæðu hennar frá upphafi vega. Vitanlega er þetta satt og rétt svo langt sem það nær. Fátíðara er þó að gera grein fyrir því hvað skammturinn var íkulegur enda fáar heimildir um það. En oft er á það minnst í annáum, sögum og sögnum að sorfið hafi að fólk og almúgamaðurinn hafi mátt vel við una ef hann hafði í sig og á. Einnig vitnar sagan um það að menn létust úr ófeiti og kulti og vosbúð voru löngum svo algengt hlutskipti að með ólíkindum þótti að menn braukuðu og tórðu. Gnægð matar árið um kring var ekki á hverjum bæ og víða þurfti að skammta smátt. Feitu sauðirnir í útilegumannabyggðum þjóðsagnanna eru draumur hins holdgranna og þurfandi manns. Því mætti vafalaust með allmiklum sanni segja að þjóðin hafi löngum orðið að þreyja þorrann og góuna á þeim kjötmetisskammti og mjólkurdropa sem naumlega entist og oft hafi það verið þunnur þrettándi hjá mörgum. Og hvað um kynslóðina sem óx upp í þorpum og vaxandi bæjum frá byrjun þessarar aldar og allt fram yfir seinni heimstyrjöld? Skyldi hún hafa þambað mjólk og rjóma í öll mál? Því fer víðs fjarri, um það eru dæmin deginum ljósari og um það vitna minningar þeirra sem þar koma við sögu. Þeir voru hreint ekki fáir þurrabúðarmennirnir í þann tíð.

Nú er öldin önnur og er það vel. En hóf skal á hverjum hlut. Byting hefur orðið í lifnaðarháttum þjóðarinnar frá lokum síðari heimstyrjaldar, í klæðnaði, mataræði, húsakynnum, upphitun, atvinnuháttum. Á svo að segja öllum sviðum eru lífsvenjur og lifnaðarhættir fólks síðustu áratugina gjörólíkir því sem áður var. Vaxandi iðnaður og alls konar verslunar- þjónustu- og veitingastörf hafa hópað fólk í útiþrælkun til innistarfa þar sem vélarnar erfiða. Til og frá vinnu er oftast ekið í upphituðum bílum og híbýli fólks eru hlý og rakalaus. Kyrrsetur verða æ tíðari, einnig í frístdum. Á sama tíma hefur geta fólks til matarkaupa aukist að mun. En það gefur auga leið að hitaveitu- og vélakynslóð þarf ekki sama viðurværi og fólk sem þrælaði úti í kulda og vosi „með hendur á hlummi og orfi.“ – Þetta er í rauninni mergurinn málssins.

Á þessum árum hefur landbúnaður færst í aukana þrátt fyrir fækken fólks í atvinnugreininni. Ræktun lands og vélvæðing til sveita hefur aukið afköst við

framleiðslu landbúnaðarafurða svo að markaður fyllist oftar en góðu hófi gegnir. Þá skerst í odda. Hitaveitu- og vélakynslóð þarf að halda í við sig í mat ef heilsan að haldast en bændur þurfa að selja sína miklu framleiðslu. Hér virðist einhver þörf á verka- og skipulagsbreytingu. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Matvælasérfræðingar og læknar hafa bent á að hitaveitu- og vélakynslóðin þurfi einkum að gæta sín við mettaðri dýrafitu. Hjartavernd og sérfræðingar hennar hafa tekið undir þetta og talið hlutverk sitt að vara við of feitum fæðutegundum og þeim neysluvörum sem líkaminn breytir í fitu, svo sem alls konar sykurvarningi. Þessar fæðutegundir eiga öðru fremur sök á of mikilli blóðfitu, of háum blóðþrýstingi, of miklum blóðsykri og offitu yfirleitt. En hjarta- og ædasjúkdómar eiga einmitt oft rót sína að rekja til þessara atriða. Rannsóknir hafa leitt í ljós að allt of margir íslendingar eru of þungir og feitir. Þessi offita veldur of mörgum heilsutjóni.

Nú er það svo að þær landbúnaðarvörur sem mest er framleitt af og mest þurfa því að seljast, kindakjöt, mjólk og smjör, eru þær feitustu. Hér stangast því niðurstöður sérfræðinga um heilsufar nútímafólks á við hagsmuni bænda eins og framleiðslu er háttáð. Af þessu spretta deilur sem öllum eru til skaða.

Að sjálfsögðu er það ekki á valdi Hjartaverndar og sérfræðinga hennar að ráða hvaða fæðutegundir eru á markaði. Þeir geta aðeins bent á staðreyndir og varað við mataræði sem ekki er heilsusamlegt. Offramleiðsla á fæðutegundum sem eru að meira eða minna leyti óþarfar fullproskuðu fólk og skaðlegar veilu fólk getur þó naumast talist skynsamleg. Einnig hlýtur að teljast misviturlegt að greiða slíkar vörur niður af almannafé þótt elsta og virtasta stétt landsins eigi í hlut. Hjartavernd hefur bent á að þetta sé óheillavaenleg ráðstöfun og byggir þar á rannsóknum og margra ára athugunum á heilsufari fólks. Þessu er ekki stefnt gegn landbúnaði eða bændastétt, skylda sérfræðinga er að skýra frá niðurstöðum sínum og benda á hvar skórinн kreppir. Af þessu leiðir að rætt hefur verið um að breyta þurfi þeim landbúnaðarvörum sem á markaði eru, auka framleiðslu á sumum tegundum, draga úr framleiðslu á öðrum og miða að því að á boðstólum sé fituminni fæða. Þetta ætti að vera hægt ef mál eru rædd hita- og metnaðarlaust og viðurkennt er af bendum, stjórnvöldum og almenningi að hitaveitu- og vélakynslóðir þurfi annað viðurværi en útivinnufólk í kulda og vosi.

Hér hefur aðeins verið rætt um landbúnaðarafurðir að marggefnu tilefni. En því fer víðs fjarri að

Rannsókn Hjartaverndar á Sauðárkróki.

Rannsókn Hjartaverndar á fólki á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu hófst 23. febrúar síðastliðinn. Er gert ráð fyrir að hún standi yfir allt að þremur mánuðum. Karlar og konur á aldrinum 41–60 ára eru boðuð til skoðunar, og eru það milli sjö og átta hundruð manns í kaupstaðnum og sýslunni.

Þessi rannsókn á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu hefur staðið til allengi þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum. Þessi dráttur hefur ekki beinlínis stafað af féleysi, eins og oft vill verða, heldur fremur verið um að kenna vontun á vinnuaðstöðu og starfsfólk. Er rétt að geta þess hér að 19. apríl 1972 gaf Guðrún Sveinsdóttir kennari frá Bjarnastaðahlíð í Skagafirði Hjartar- og æðaverndarfélagi Skagafjarðar og Krabbameinsfélagi Skagafjarðar þrjár milljónir króna. Var hluti Hjartaverndar frá upphafi ætlaður til styrktar hóprannsókn. Nú hefur ræst úr með húsnæði og starfsfólk og fer rannsóknin fram á sjúkrahúsínu á Sauðárkróki.

Forgöngu um rannsóknina hafði yfirlæknirinn á sjúkrahúsínu, Ólafur Sveinsson, og stjórnar hann henni. Réð hann sér til aðstoðar fjórar stúlkur. Þær eru María Dagsdóttir hjúkrunarfræðingur, Sólrún Stein-

dórsdóttir ritari, Sigrún Skúladóttir sjúkraliði og Stefanía Sigfusdóttir rannsóknarstúlka. Einnig tekur Þórdís Þormóðsdóttir meinatæknir þátt í rannsókninni. María og Sólrún voru um skeið í þjálfun í Rannsóknarstöð Hjartaverndar í Reykjavík áður en rannsóknin hófst nyrðra. Tveir ungir heilsugæslulæknar á staðnum, Bjarni Jónasson

og Ulli Agnarsson, annast lækniskoðunina.

Blóðsýni og línurit úr rannsókninni eru send í Rannsóknarstöð Hjartaverndar til úrvinnslu og unnið verður úr öllum gögnum varðandi heilsufarsrannsóknir í tölvum hér syðra.

Nikulás Sigfusson yfirlæknir Hjartaverndar dvaldist tvo daga á Sauðárkróki meðan verið var að koma rannsókninni í gang.

Sauðárkrókur er fjórði kaupstaðurinn norðanlands þar sem hóprannsókn er framkvæmd á vegum Hjartaverndar. Áður hafa rannsóknir farið fram á Akureyri, í Ólafsfirði og Siglufirði, – auk þess á Blönduósi fyrir Austur-Húnavatnssýslu.



Sjúkrahúsíð á Sauðárkróki.

Hjartavernd og sérfræðingar hennar hafi ekki jafnframt- og engu síður – bent á hættuna af óhóflegri sykurneyslu landsmanna og reykingum úr hófi fram. Einnig hefur verið lögð á það rík áhersla hver nauðsyn hitaveitu- og vélakynslóð er á meiri hreyfingu, útvist í frístdundum og hollri líkamsrækt.

Þessi atriði verða ekki rakin hér frekar. En það er öllum fyrir bestu að umræður um landbúnaðaráfurðir séu þannig að til heilla horfi fyrir framleiðendur og neytendur. Því eru þessi orð lögð í belg.


Ársæll Jónsson, læknir

Kolvetni

Erindi flutt á ráðstefnu um um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík 29. - 30. apríl 1977.

Kolvetni draga nafn sitt af kolfnisatómum og vatnsmólekúlum sem þau eru byggð úr. Samtengd mynda þessi efni sykra sem tengjast innbyrðis og mynda s.k. fjölsykra eða fjölsykrunga. Þrúgusykur (glúkósa) er dæmigerður sykur og er hann táknaður með formúlunni $C_6 H_{12}O_6$ sem táknaðar að hann er samsettur úr sex kolefnisatómum og sex vatnsmólekúlum. Í náttúrunni finnst þrúgusykurinn nær eingöngu sem fjölsykur (polymer) en tenging mólekúlanna innbyrðis hefur afgerandi áhrif á gerð þeirra og eiginleika. Algengustu kolvetnin í náttúrunni eru sellulósan og mjölví en þau eru bæði gerð úr þrúgusykurmólekúlum sem tengjast innbyrðis á ólíkan hátt.

Hlutverk mjölvans í lífríki plantnanna er að vera orkuforði fyrir afkomendur hennar, fræin, en sellulósan hefur hins vegar það hlutverk að vera stoðvefur jurtarinnar þ.e. bandvefur, vöðvar, æðakerfi, húð og bein. Jurtirnar framleiða kolvetni úr $CO_2 + H_2O$ og nota til þess orku sólarljóssins. Allt líf sem lifir á jurtinni notar þannig óbeint orku sólar sér til framdráttar og viðurværис.



Þróunarsagan

Algengasta fjölsykran í náttúrunni er sellulósan. Sellulósan bindur vatn og er afar tormelt. Gras er næringöngu sellulósa og vatn. Grasætur dýraríkisins eyða mestum hluta sólarhringsins til fæðuöflunar en við meltinguna sjálfa hjálpa til gerlar sem staðsettir eru í meltingarfærunum. Maðurinn sem sagður er rekja ættir sínar til apa hefur í 99% af jarðlífstíma sínum nærst næringöngu á rótarávöxtum, öðrum

Mynd I

FORFEÐUR MANNSINS	ALDUR (ÁR)	FÆÐA	FJÖLDI KYNSLÓÐA
HYGGDÝR	500.000.000	„BUNDIN ORKA”	
MANNAPI	2.000.000	ÁVEXTIR	80.000
VEIDIMENN } HJARDMENN }	1.000.000	KJÖT RÆTUR	40.000
AKURYRKJA	8.000	KORN JARÐÁVEXTIR	320
TÆKNIMAÐUR	200	FINMALAÐ KORN SYKUR	4-8

ávöxtum, og auk lítilsháttar af kjöti að talið er. Fyrir 8-10 þúsund árum varð fyrsta landbúnaðarbyltingin, þegar akuryrkjan kom til sögunnar. Þá varð kleift að safna orkúrikri fæðu og geyma til síðari nota. Hægt varð að gera hlé á stöðugri matarleit og eyða tímanum til annars. Tæknibylting sú sem við nú lifum við hófst ekki fyrr en um 1-200 árum. (mynd 1).

Enn finnast á hnettinum þjóðir sem lifa á því þróunarstigi sem ríkti fyrir daga akuryrkjunnar. Þar á meðal hafa verið rannsakaðir svo kallaðir Bush-menn sem búa í norðvestur Botswana. Mönnum þykir einna athyglisverðast við þennan þjóðflokk að hjá honum þekkist hvorki offita né skortsjúkdómar. Blóðþrýstingur fer lækkandi með hækkandi aldrí og meðalgildi blóðfitu (serum kólesteróls) er lágt, eða 120 mg%. Tannskemmdir þekkjast ekki en tennur geta þó eyðst af sliti í ellinni. Lág fæðingartala kemur í veg fyrir offjölgun og 7% þjóðflokkssins er eldri en 65 ára. Hann lifir mest á jarðávöxtum og grænmeti, einkum baunum og hnetum og kjötmeti af geitum og hérum.

Með tilkomu akuryrkjunnar varð

mögulegt að safna fæðu og geyma. Fólkini fjölgaði og borgirnar byggðust. Hinir ríku átum fínmalaðasta hveitið og gátu orðið offeitir, áfengi kom til sögunnar og hungurseyðir urðu þegar uppskeran brást. Þá spruttu upp skortsjúkdómar með sinni fjölbreyttu klínisku mynd en þeir algengustu í heiminum í dag eru blinda af völdum A-vitamín-skorts, beri-beri og pellagra.

Það er talið að fínmalaðs hveitis og sætmetis hafi lengst af verið neytt af fáum útvöldum og á dögum grikkja og rómverja var hinn hvíti brauðhleifur tákni um áhrif og völd. Galen, lækni rómverja, var þó fullkunnugt um hægðaaukandi áhrif heilhveitisins. Hvitt hveiti var þó ekki almennt notað í V-Evrópu og Bandaríkjumnum fyrr en um aldámótin síðustu eða eftir að stálvalstar og fínni kornsigt voru almennt tekin í notkun í kornmyllum. Um svipað leyti var farið að framleiða sykur í stórum stil á ódýran hátt og varð neysla hans fljótt almenn. (1)

Margt bendir til að þessi þróun hafi haft óæskileg áhrif á heilsufar þessara þjóða og á síðari árum hefur komið fram ákveðin vitneskja sem bendir í sömu átt. Í fyrsta lagi hafa rannsóknir á útbreiðsluháttum sjúkdóma bent til þess að hinir algengu hrörnunarsjúkdómar tæknivæddra þjóða (svokallaðir menningarsjúkdómar) eru umhverfisháðir og að þeir komu fyrst fram meðal þessara þjóða um leið og neysla fínmalaðs mjöls og sykurs jókst. Í öðru lagi hafa uppgötvanir í efna- og lífeðlisfrædi bent á þýðingur trefjaefna í fæðu í þessu sambandi.

Skilgreining trefjaefnanna.

Tréni ("crude fibre"): Allt fram á síðustu ár hafa grófefni í fæðu verið mæld eftir aðferð sum fundin var upp fyrir heilli old og kennd er við norður-þýska smábæinn Weende.

Aðferð þessi er í því fólgin að með höndla fæðuefnin með sjóðandi brennisteinssýru (0,255 N) og það sem frá síast með natríum hýdroxýði (0,313 N) og aftur með suðu í sýru, vatni og alkóhóli. Botnfallið er því næst þurrkað, vigtað og kallað tréni, að frádrégninni öskuþyngd þess.

Þótt þessi aðferð sé bæði hefðbundin og handhæg þykir hún gefa ófullnægjandi upplýsingar um ómeltanlega hluta fæðunnar, enda má ætla, að hún eigi lítið sameiginlegt með þeirri starfsemi, sem fram fer í mjógríni mannsins. Til dæmis kljúfa sýran og lúturinn um 80% af hemisellulósunni, 50-90% af lignininu og 20-50% af sellulósunni, en þessi efni eru aðaluppistaða trefjaefnanna í fæðu.

Ómeltanleg kolvetni (unavailable carbohydrate). Á 4. áratug tuttugustu aldar fundu bresku matvæla-fræðingarnir McCance og Widdowson nýja aðferð sem er í því fólgin að leysa fæðuefni upp í heitu etanolí (80% v/v) og því næst greina það sem eftir situr upp í einstaka þætti. Þessi aðferð er nú víða notuð enda talin gefa mun betri upplýsingar um hina ómeltanlegu þætti fæðunnar. Ástæðan fyrir því að hugtakið „ómeltanleg kolvetni“ er ekki lengur notað, er sú að sum þessara efna „meltast“ fyrir áhrif gerla í ristli og sum efnin eru ekki kolvetni.

Undanfarinn áratug hafa verið rannsakaðar nýjar mælingaaðferðir á þessum efnunum kenndar við Van Soest, svo kölluð sýru-sápun (acid detergent fibre) sem mælir sellulosa og lignin og neutral-sápun (neutral-detergent fibre) sem mælir frumuhýði. (2).

Á einfaldan hátt má flokka kolvetni í unnin og náttúruleg kolvetni. **Unnin kolvetni** innihalda lítil sem engin trefjaefni, t.d. sykur, hvítt hveiti, póleruð hrísgrjón, ávaxta-safa og hunang. **Náttúruleg kolvetni** innihalda hins vegar trefjaefni í

eðlil. hlutföllum við orkuefni eins og í grænmeti, heilum ávöxtum, grófmöluðum kormat og í sykur-rófum.

Áhrif á meltingarfæri og efnaskipti.

Líkami mannsins nýtir kolvetni á tvænnan hátt, þ.e. sem orku eða orkugjafa og sem trefjaefni eða burðarefni meltingar. Náttúruleg kolvetni innihalda auk þess ýmis vitamín og snefilefni sem nauðsynleg eru við orkubrunann.

Pegar kolvetni eru tuggin blandast þau við munvatnssafa. Munvatnssafinn inniheldur hvata sem brjóta fjölsykrana (mjölvann) niður í einfalda sykra. Fleiri meltingasafar og hvatar bætast við fæðumaukið þegar í mjógrínið er komið. Þar frásogast sá sykur sem losnað hefur úr læðingi og berst með blá-æðablóði til lifrarinnar. Lifrin ráðstafar blóðsykrinum annað hvort til geymslu í lifrinni sjálfri eða áfram með blóðrás til annarra vefja líkamans. Til þess að blóðsykurinn geti breyst í orkuforða í lifur eða fituvef, eða brunnið í vöðvum líkamans, þarf insulín að vera til staðar í blóðinu. Insulínið er framleitt í beta-frumum briskirtilsins og þessar frumur gefa hormónið frá sér eftir því blóðsykurmagni sem að þeim berst.

Neyti maður fínunninna kolvetna, t.d. sykurupplausnar, berst sykurinn hraðar frá meltingarfærum til blóðrásarinnar, blóðsykurinn verður hærri og insulínsvörun beta-frumanna verður meiri en þegar sykurs er neytt í formi náttúrulegs mjölvá eða annarra náttúrulegra kolvetna. Þetta getur orsakað mikla ertingu á beta-frumur briskirtilsins sem veldur auknu magni á mælanlegu insulíni í blóði. Hækkað insulínagni í blóði finnst oft hjá offeitum og er

það undansfari þess að sykursýki kemur fram.

Frásogi orkuefnanna er að jafnaði lokið 2-4 klst eftir að fæðu er neytt. Það fæðumauk sem eftir er hefur þá borist til ristilsins. Í ristlinum eru þarmagerlar sem gerja fæðumaukið enn frekar. Þar frásogast einnig vatn og ýmis snefilefni. Það er samspil þarmagerlanna og trefjaefnanna úr fæðunni sem ákvæða gerð þessa fæðumauks sem reyndar má kalla burðarefni hægða eftir að í ristilinn er komið. Hægt er að fá hugmynd um þessa starfsemi með því að vigta hægðir og mæla svo kallaðan „transit-tíma“, en „transit-tími“ er sá tími kallaður sem tekur fæðuna að berast frá munni þar til leifarnar skila sér með hægðum.

Gerðar hafa verið mælingar á þessu meðal ólíkra hópa manna


með ólíkar neysluvenjur og á mynd 2 má sjá að einstaklingar úr þeim hópi sem neyta fæðu sem inniheldur ríkuleg trefjaefni (jurtaætur og afrískir þorpsbúar) hafa að jafnaði þyngri hægðir og „transit-tíminn“ styttist að sama skapi. Séu bornir saman hinn tæknimenntaði maður, sem neytir fæðu sneyddri trefjaefnum, og hinn frumstæði, sem neytir að jafnaði trefjaefna-ríkari fæðu, fæst nær þefaldur munur á bæði þyngd hægða og á „transit-tíma“ þeirra.

Ef trefjaefnin eru ónóg veldur það harðlifi og ristirkömpum sem er undansfari ýmissa ristilsjúkdóma sem algengir eru meðal okkar í dag. (4). Sú kenning hefur rutt sér til rúms að ristirkampar og harðlifi leiði til þrýstingsaukningar í kviðarholi, með þeim afleiðingum að efra magaopið gúlpast upp í þindina

(þindarslit) og að þrýstingu á blá-æðarnar frá ganglimum, sem liggja aftan við ristilinn, sé orsök fyrir myndun æðahnúta á fótum. Hugmyndir manna um tengsl sjúkdóma við neyslu finunninna kolveta er sýnd á mynd 3 (5).


Margar tegundir trefjaefna binda gallssýrur og auka útskilað þeirra með hægðum. Á þann hátt tengjast þau efnaskiptum kólesteróls í líkamanum en kólesteról útskilst í formi gallsalta. Sumar tegundir trefjaefna lækka kólesteról í blóði hjá fólk sem hefur „eðlilegt“ kólesteról (6). Það er einnig vitað að jurtaætur hafa að jafnaði lægra kólesterolgildi í blóði en fólk sem borðar „venjulegan mat“ (7). Enn er ókannað hvort þessi gallbinding geti haft skaðleg áhrif á D-vítamín efnaskipti hjá vannærðu fólk.

Mynd 2.



Samband trefjaefna í fæðu „transit tíma“ og þyngd hægða.

Mynd 3.



Tengsl sjúkdóma við neyslu finunnina kolvetna

ENN ER FURÐULEGA LÍTIÐ VITAÐ UM NIÐURBROT FÆÐUMAUKSINS Í RISTLI MANNSINS. ÞETTA Á EINNIG VIÐ UM GERLAGRÓÐURINN Í RISTLINUM EN RANNSÓKNARAÐFERÐIR TIL ÞESS ERU BÆÐI FÁAR OG ÓFULLNÆGJANDI. TREFJAEFNARÍKUR MATOR MINNKAR HLUTFALL LOFTFAELINNA GERLA Í HÆGÐUM OG MINNA FINNST ÞA Í PEIM AF SKAÐLEGUM NIÐURBROTFSEFNUM Í FÆÐU OG MYNDUN KRABBAMEINS Í RISTLI (8).

ÖNNIN EÐA NÁTTÚRULEG KOLVETNI VALDA EKKI TANNSKEMMDUM EN HINS VEGAR KEMUR FRAM AUKIN TÍÐNI Á TANNHOLDSBÓLGU VIÐ NEYSLU ÞEIRR. UNNIN KOLVETNI GEFA NEYTANDANUM MINNI SAÐNINGU OG VALDA OFNEYSLU ORKUEFNA ÞANNIG AÐ OFFITA GETUR AF HLOTIST (9). SAMOFIN TREFJAEFNUNUM ERU ÝMIS SNEFILEFNI, EINKUM KALSÍUM, ZINK OG SILIKON, SEM ÖLL HAFNA HLUTVERKI AÐ GEGNA Í EFNAPERKSMÍÐU MANNSLÍKAMANS. SKORTUR Á TREFJAEFNUM VELDUR Því EINNIG SKORTI Á ÞESSUM EFNUM.


Kolvetnaneysla í heiminum.

Á mynd 4 er sýnt yfirlit yfir hlutfall helstu fæðuflokkanna í daglegu fæðuvali 85 þjóða árið 1968.

Meðal velmegunarþjóða koma 58% daglegra hitaeininga úr sykri og dýrafitu en 32% til viðbótar úr öðrum unnum kolvetnum. Á hinn böginn neyta þjóðir þróunarlandanna 82% daglegra hitaeininga úr trefjaríkum kolvetnum og jurtafitu. Próteinneysla er svipuð hjá báðum eða um 10%. Hjá hinum frumstæða koma próteinin aðallega úr jurtaríki en að verulegu leyti úr þverrákóttum vöðvum húsdýra meðal velmegunarþjóða.


Eins og að framan er getið hafa nákvæmar rannsóknir á útbreiðsluháttum sjúkdóma leitt í ljós mikinn mun á sjúkdómatíðni milli þróunar- og tæknimenningarþjóða. Jafnframt hafa menn gert sér ljóst að ýmsir algengir sjúkdómar tæknini-

Mynd 4. Framleiðsla/mann/ári
US \$ (log kvarði)



Mynd 5.

Hlutfallstiðni sjúkdóma í Afríku og í Bandaríkjunum.



Tafla I
Áhrif mölunar á Manitoba hveiti

Mölun %	Orka Kcal/100 g	Protein g	Fita g	Tréni g	Calcium mg
100	328	13,6	2,5	2,2	28
85	339	13,6	1,7	0,3	19
80	341	13,2	1,4	0,1	15
70	341	12,8	1,2	-	13
42	341	11,8	0,9	-	11


menningarþjóða voru næsta fátíðir fyrir einni öld.

Á mynd 5 sést súlurit yfir tíðni nokkura menningarsjúkdóma meðal Bandaríkjumanna borið saman við sjúkdómatíðni hjá Afríku-búanum.

Mölun korns fyrr og nú.

Allt fram undir síðustu aldamót var kornmjöld og hveiti grófmalað eða valsað lítið var sigtað frá og mestur hluti hýðisins blandað saman við mjölið. Sú tæknipróoun sem varð í hveitimyllum á þeim tíma hafði þá breytingu í för með sér að meira var sigtað frá af hýðinu og gerði þetta hveitið orkumeira og jafnframt efnasauðara en áður var. Til dæmis má nefna að ef deig sem hnoðað var úr völsuðu hveiti var látið standa varð úr því hið ágætasta súrdeig, en eftir að myllurnar fóru að ganga nærrí hveitinu gat hnoðað deig úr því mjöli ekki lengur súrnað heldur rotnaði og varð óætt. Ekki var þó hægt að finnmala rúg á sama hátt og hveitið vegna þess að kjarna-hýðið sigtast ekki eins vel frá. Við finnmölunina bættust baksturseiginleikar hveitisins og geymsluþol sem varð til þess að hvítt hveiti varð aðalneyslumjöld vestrænna þjóða og

Mynd 6.



hefur verið svo alla tuttugstu öldina.

Á mynd 6 og töflu 1 má sjá áhrif mölunar á efnainnihald hveitis.

Venjulegt bökunarhveiti er 70% malað eða úrmalað en heilhveitmjöld er 80-90% malað. Fínleiki hveitisins hefur áhrif á baksturs-

Samsvarandi trénishlutfall 1/20. Ef miðað er við orkumagn trénis í mjölvu; 5-10 gr/1000 hitaeiningar en í venjulegu bökunarmjöli 0-2 gr/1000 hitaeiningar. Létt póleruð hrísgjón 1,5 gr/1000 hitaeiningar og poleruð 0,6 gr/1000 hitaeiningar. Athuga ber að kornmeti er orkurík

Tafla II

Tréni í fæðu Norðmanna

Ár	1890/95 g %	1934/38 g %	1953/56 g %	1974 g %
Kartöflur	1,7 (20)	1,4 (30)	1,1 (22)	1,0 (20)
Grænmeti	0,6 (7)	0,7 (15)	1,2 (24)	1,3 (27)
Ávextir	0,3 (3)	1,0 (21)	1,1 (22)	1,7 (35)
Kornmeti	6,1 (70)	1,6 (34)	1,7 (32)	0,9 (18)
Samtals	8,7	4,7	5,1	4,9

Tafla III

Tréni í fæðu bandaríkjumanna

Ár	1880	1970	mismunur
Kornmeti	480 (3,2)	120 (0,3)	- 90 %
Kartöflur	300 (1,1)	120 (0,5)	-45%
Baunir, rófur	60 (1,0)	60 (1,0)	0
Tréni úr mjölvu	(5,3)	(1,8)	+66%
Ávextir og kál	275 (2,8)	325 (3,3)	+20%
Samtals tréni	8,1	5,1	-37%

Tafla IV

Tréni í fæðu frumstæðra- og velmegunarþjóða (g/mann/dag)

	Frumstæðar- þjóðir (750 milljónir)	Velmegunar- þjóðir (500 milljónir)	Ísland (1965)
Kornmatur (mjölv)	10-15	1-1,5	1,1
Grænmeti	2-10	2-10	3,9
Samtals	12-25	3-11,5	5,0

eiginleika brauðsins og geymsluþol. Því finna sem hveitið er þeim mun fingerðara verður brauðið og hvítara á litinn. Við mölunina tapast flest trefjaefnin, B-vítamín, calcium, járn, fituefni, protein og ýmiss snefilefni, eins og áður er getið.

Í náttúrulegum kolvetnum eru trefja – og orkuefnin samofin oft í hlutfalli 1/6 – 7 af þyngd þeirra.

fæða, innihaldandi um 70% kolvetni. Ávextir innihalda venjulega 10-20% kolvetni og trénismagn þeirra er 0,5-1,0 gr/100 gr., grænmeti 1-10% kolvetni og tréni 0,5-2,0/100 gr.

Sykur er 100% kolvetni, gersneytt trefjaefnum og öðrum næringar-efnum. Sykur er unninn úr sykurfóum eða sykurreyr sem í náttúr-

unni innihalda um 16% kolvetni. Safinn er pressaður úr jurtinni og þurrkaður en því sem af gengur er hent eða gefið húsdýrum. Orkuþetting og skerðing trefjaefna á sér stað á svipaðan hátt þegar sætur safinn er kreistur úr ávöxtum, eins og t.d. glóaldinum.

Með þeim umfangsmiklu breytingum og tæknivæðingu sem skeð hafa í framleiðslu matvæla undanfarna öld hafa jafnframt átt sér stað mikla breytingar í neyslu kolvetna meðal velmegunarþjóða. Á það bæði við hlutfall kolvetna í daglegum hitaeiningum, gerð þeirra og gæði. Tafla II sýnir hve dagleg neysla trénis per norðmann hefur minnkað úr 8,7g árið 1890 í 4,9 g árið 1974. Á sama tíma hefur hlutfall kornmetis í daglegri fæðu minnkað úr 70% í 18% (10).

Á Töflu III má sjá að svipuð breyting hefur átt sér stað í neyslivenjum Bandaríkjamanna. Frá árinu 1880 til ársins 1970 hefur magn trénis í fæðunni minnkað um 37% þrátt fyrir um 20% aukningu á neyslu ávaxta og grænmetis á tíma-bilinu (11).

Þá gefur Tafla IV hugmynd um mismun á tréni í fæðu frumstæðra- og velmegunarþjóða boríð saman við neyslukönnun Hagstofu Íslands árið 1965. (13).

Kolvetnaneysla á Íslandi.


Rannsóknir próf. Jóns Steffensens hafa sýnt að kolvetnaneysla Íslendinga hefur verið mjög lítil þær 40 kynslóðir eða svo sem forseður vorir hafa búið hér á landinu. (15). Á þjóðveldisöld mun kornmatarneyslan hafa verið um 40 kg á mann á ári en komst niður í 10 kg á mann á ári lengst af 17. aldarinnar. Talsvert mun hafa verið notað af fjallagrösum en 4 tunnar af fjallagrösum voru metnar til jafns við $\frac{1}{2}$ tunnu af korni. Í harðindum voru einnig notuð þessi grös; hreindýramosi,

skarfakál, geitarskóf, heymulnunjóli, smeðjukál, súrur, purpura-jurt, fiflarætur, holtarætur og harðsægjur. Talshátturinn gamli sagði: „Allt er matur, sem í magann kemst, nema harðsægjur og holtarætur“. (16).

Hvað forðaði Íslendingum þá frá harðlifi? Próf. Baldur Johnsen hefur vakið athygli á hinni miklu súrmetisnotkun Íslendinga og hefur ráðlagt fólk með hægðateppu að neyta súrmatar með góðum árangri. Það er vel þekkt að t.d. bjór hefur losandi áhrif á fólk. Þótt það sé ókannað mál er mögulegt að súrinn innihaldi fljótandi trefjaefni en einnig kemur til greina að hann hvetji til eigin (endogen) trefjaefna-framleiðslu (mucopolysaccharid) (12), eða með beinum áhrifum á gerlagróður í ristli.

Björn L. Jónsson læknir birti árið 1946 samantekt um neyslu kornmetis á Íslandi frá 1880-1940 (sjá mynd 7) í viðamikilli grein um


Mynd 7.



neyslumenjur og heilsufar Íslendinga. Draga má af því þær ályktanir að neysla trefjaefna hafi minnkað mjög verulega upp úr aldamótum 1900, þegar hætt var að flytja inn heilkornið. Um og eftir

Mynd 8.

Sykurneysla
Kg. - mann - ári



árið 1915 var allt kornmeti flutt inn malað erlendis frá en hafði áður verið flutt inn heilt, valsað heima á bæjunum og notað í súrdeig og grauta.

Jafnframt þessari þróun jókst innflutningur sykurs til muna. Á mynd 8 má sjá sykurneyslu Íslendinga undanfarnar 2 aldir. Hér er einungis um að ræða þann sykur sem seldur er til neyslu innanlands en ekki „bundinn“ sykur í öðrum neysluvörum.

Á árunum 1965-70 neyttu Íslendingar um 50 kg sykurs á mannsbarn á ári eða um 137g sykurs hvert mannsbarn að jafnaði á dag. Þessi 137g finnast í 856 g af sykurrófum saman við 6 g trénis eða u.b.b. 19 g trefjaefna. M.o.o. að þessi einhæfa orkuneysla snuðar hvert mannsbarn um þetta magn trefjaefna á dag auk allra þeirra næringaefna og snefilefna, sem þau kunna að innihalda.

Árið 1975 voru flutt inn til landsins 36,095 tonn af korni og unnum kornvörum. Gróft reiknað svarar það 506 gr á mann á dag á árinu. Ef þessar kornvörur hafa verið unnar á borð við bökunarhveiti gefur neyslan 1 gr trénis á mann/á dag. Ef reiknað er með minna unnnini vörðu getur sú tala hæglega fimmfaldast. Í floknum ávextir voru flutt inn 15.910 tonn. Ef reiknað er með trénisinnihaldi soðinna kartaflna gefur það 2,3 gr trénis á mann/á dag.

Af sykri og unnum sykurnvörum voru flutt inn 9.068 tonn og gefur það með sama reikningi 127 gr í neyslu á mann á dag en 0,0 gr trénis á dag. Ef marka má þennan útreikning sýnir hann minnkaða sykurneyslu borið saman við tímabilið 1965-70. Við útreikninga á tréni og trefjaefnum í fæðu er hægt að hafa hliðsjón af töflu sem birt er aftan við þessa grein.

Möguleikar á breytingum.

Eins og drepið hefur verið á hér að framan er margt sem bendir til þess að kolvetnaneysla okkar Íslendinga sé á ýmsan hátt óheppileg. Kolvetni hafa reyndar ætíð verið af skornum skammti í fæðu íslenskrar þjóðar en undanfarna áratugi hefur kolvetnaneysla þjóðarinnar verið áþeppk því sem gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Rannsóknir á útbreiðsluháttum sjúkdóma, einkum hinna svokölluðu menningarsjúkdóma og nýjar uppgötvanir á gerð og áhrifum trefjaefnanna á meltingarstarfsemi mannsins hafa hins vegar leitt að því sterkar líkur í hverju kolvetnaneyslunni er ábóta-vant. Þegar höfð er hliðsjón af neysluháttum frumstæðra þjóða, matarvenjum forfeðra okkar og síðast en ekki síst þróunarsögu meltingarfæra okkar verða líkurnar enn sterkari að ofvinnsla kolvetnanna valdi ótímabærum heilsubresti hjá þorra manna. Þótt þessar líkur séu enn ekki orðnar að skotheldum vísindalegum rökum verður samt ekki hjá því komist að mæla beri með aukinni neyslu á óunnum eða náttúrulegum kolvetnum á kostnað finunninna kolvetna. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. með aukinni fræðslu, og verðlagsákvæðum, þannig að óunnin kornvara verði ódýrari en unnin, vörumerkingum um innihald trénis eða trefjaefna í kolvetnafæðu og skattlagningu sykurs. Sjálfsagt ber að stuðla að aukinni neyslu grænmetis og ávaxta. Til álita kemur að mæla með aukinni trefjaefnaneyslu í formi t.d. hveitiklís ef ofmöluð vara er í framboði til lengdar. Slíkt er a.m.k. nauðsynlegt því fólk sem þjáist af harðlifi. Einnig væri æskilegt að byggja kornhlöður á Íslandi, flytja kornið inn heilt og ráða þannig möluninni. Auka þarf fræðslu almennings, stuðla að heppilegum vörumerkingum og að verðlag á

hollum matvörum haldist hagstætt fyrir neytendur.

Kornmatur	Trefjaefni (g/100g)	(x)	(xx)	Tréni
Fransbrauð	2,7			0,2
Heilhveitibrauð	8,5			0,8
Heilhveiti	9,5			2,3
Hveitiklíð	44,0			9,1
„All-bran“	26,7			8,9
„Cornflakes“	11,0			1,3
„Puffed Wheat“	15,4			3,3
„Special K“	5,5			1,1
Hrókkbrauð (rúgamjöld)	11,7			2,3
JARÐÁVEXTIR OG GRÆNMETI.				
Rósakál (soðið)	2,9			1,6
Hvítkál (soðið)	2,8			0,8
Blómkál (soðið)	1,8			1,0
Blaðsalat (hrátt)	1,5			0,6
Laukur (hrár)	2,1			0,6
Baunir (niðursoðnar)	7,3			1,5
Baunir (frosnar)	7,6			2,0
Gulrætur (soðnar)	3,7			1,0
Rófur (soðnar)	2,2			0,9
Kartöflur (soðnar)	3,5			0,5
Kartöflur (djúpsteiktar)	3,2			1,0
Kartöflur (flögur)	11,9			1,6
Tómatar (nýir)	1,4			0,5
Tómatar (niðursoðnir)	0,9			0,4
Máis (soðinn)	4,7			0,7
Máis (niðursoðinn)	5,7			0,8
ÁVEXTIR.				
Epli	1,4			1,0
Bananar	1,8			0,5
Appelsínur	0,5			0,4
Ferskjur	2,3			0,6
Perur (ferskar m/hýði)	2,4			1,4
Plómur (m/hýði)	1,5			0,5
Rabbarbari (hrár)	1,8			0,7
Jarðarber (niðursoðin)	2,1			1,3
Jarðarber (niðursoðin)	1,0			0,6
Hnetur	9,3			1,9
ÝMSAR VÖRUTEGUNDIR.				
Marmelaði	0,7			0,4
Pakkasúpur tómat	3,3			1,5
Kókoduft	43,3			5,8

(x) Ákvæðanir trefjaefna eftir Southgate et al, 1976

(xx) Frá bandarískra landbúnaðarráðuneytinu, 1963

1. Davidson Sir S, Passmore R., Brock J.F., Truswell A.S., Human Nutrition and Dietetics, 6 th Ed, 1975, Churchill Livingstone

2. Southgate D.A.T., Bailey B, Collinson E., Walker A.F., Journal of Human Nutr, 1976, 30, 303-313
3. Trowell H. Lancet 1974, i, 503.
4. Burkitt D.P., J. Roy. Coll. Physcs. Lond. 1974, 10, 138-147
5. Burkitt D.P., Trowell H Refined Carbohydrate Foods and Disease Academic Press, 1975.
6. Walters et al, Brit. Med. Journal, 1975, 2, 536-538.
7. Eastwood MA, Näringsforskning 1976, 20 Suppl. 14, 42-44.
8. Burkitt D.P. Cancer, 1971, 3-13
9. Heaton K.W. Lancet, 1973, iii, 1418-1421
10. Trygg K Tidskr. Nor. Lægeforen, 1976, 17-18, 995-996.
11. Burkitt D.P., Walker A.R.P., Painter N.S., Lancet, 1972, iii, 1408-1411.
12. Trowell H. Näringsforskning, 1976, 20, Suppl. 14, 6-11.
13. Jón Óttar Ragnarsson, 1977 Persónulegar upplýsingar.
14. Brodribb A.J.M., Humphreys D.M. Brit. Med. J., 1976, 1, 424-430
15. Jón Steffensen, Menning og meinsemdir Sögufélagið 1975, Ísafoldarprensmiðja.
16. Jónas Jónasson, Íslendir þjóðhættir, 3ja útg., Ísafold.
17. Baldur Johnsen, 1977 Persónulegar upplýsingar.
18. Björn L. Jónsson Nýjar leiðir II, 1946, 70-141
19. Guðmundur Þorsteinsson Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum 1975, Örn og Örlygur.
20. Watt K.B., Merrill A.C. Agriculture Handbook No 8, U.S. Dept. of Agriculture, 1963.

LEIÐRÉTTING

Í síðasta hefti Hjartaverndar urðu þau mistök að niður féll nafn Herdisar Kristjánssdóttur í greininni Tíu áta starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar. Hún var yfirhjúkrunarkona stöðvarinnar á árunum 1969-1972.

Þá varð prentvilla í heimilisfangi Þórðar Harðarssonar yfirlæknis, varamanns í stjórn Hjartaverndar. Hann býr í Efstalandi 16, Reykjavík.



Neysluvenjur og heilsufar

Viðtal við Snorra Pál Snorrason yfirlækni

Meðfylgjandi viðtal átti Áslaug Ragnars blaðamaður við Morgunblaðið við Snorra Pál Snorrason yfirlækni og birtist það í blaðinu 5. febrúar síðastliðinn. Útgefendum Hjartaverndar þótti sjálfssagt að fá leyfi viðmælenda til að birta greinina í ritinu og var það auðsótt mál. Í þessu viðtali er drepið áfjölmögri atriði sem Hjartavernd vill koma áframfæri við almenning og þau eru þannig fram sett að vekja ættu til umhugsunar og eftirbreytni.

Engum bónda dytti í hug aðala búfé sitt á lélegu fóðri eða skipuleggja ekki nákvæmlega og af natni hvernig fóðrun skuli háttáð, sagði Snorri Páll Snorrason yfirlæknir og hjartasérfræðingur þegar Morgunblaðið kom að máli við hann til að leita fróðleiks um manneldi og hollustuhætti, sem mjög hafa verið til umræðu manna á meðal og á opinberum vettvangi að undanförnu.

Sama ætti að sjálfögðu að gilda um mannfólkis en því miður er ekki hægt að segja að sama fyrirhyggjan sé latin ráða þar ferðinni, – að minnsta kosti ekki hjá þorra fólks, hélti hann áfram.

Það þarf að verða hugarfarsbreyting að þessu leyti og ég er þeirrar skoðunar að fjöldinn allur af fólkis láti sér alltof títt um matseld og alls konar umstang og stell í kringum þennan þátt daglegs lífs í stað þess að huga að hollustuháttum. Það er kannski eins með þetta og annað að allt hefur sinn tíma, þróast þar til það hefur náð hámarki en færist síðan til gullins meðalvegar. Ég get til dæmis varla í myndað mér að sundurgerð í matseld og útbúnaði eldhúsa eigi eftir að verða meiri en hún er nú um stundir. Fólk hlýtur að fá leiða á



þessu og fara að hugsa af meiri skynsemi. Það stenst ekki að hluti mannkynsins borði sér til óbóta á meðan yfirlagnæfandi meirihluti býr við kröpp kjör, skort og jafnvel hungursneyð. Það þarf að breyta almenningsálitinu þannig að þeim fjölgi sem borða til að lifa en lifa ekki að því er virðist til að borða.

En hvernig er hægt að breyta almenningsálitinu?

Ég held að það bæri árangur ef hægt væri að koma því að hjá fólkí að það sé ófínt að troða sig út af mat, enda má að vissu leyti segja að slíkt framferði sé úrkynjunarmerkí. Tökum til dæmis tóbakið. Einu sinni var það í tísku og þótti fint að reykja. Þú sást til dæmis ekki svo kvíkmyndastjörnu á hvíta tjaldinu öðru vísi en reykjandi. Nú orðið þykir þetta ekki fint og maður kemst ekki hjá því að taka eftir því á fundum og mannamótum hvað reykingafólkí hefur fækkað.

Hvað á fólk að leggja sér til munns ef það vill vera öruggt um að fá í sig nauðsynleg næringarefní án þess að um ofneyslu verði að ræða?

Fyrst og fremst þarf að gæta þess að fæðið sé fjölbreytt og ekki einungis fjölbreytt heldur fjölbreytt af hollum fæðutegundum. Hvað þetta snertir gildir það sama og í öðrum efnum - að óhóf er það sem er hættulegast. Það er sama hvort um er að ræða tóbak, áfengi, mat eða sykur.

Þú segir mat eða sykur?

Já, sykur getur naumast talist til matar. Við fáum allan þann sykur sem líkaminn hefur þörf fyrir án þess að sætinda sé neytt eða sykri bætt í matinn. Það er ekki nóg með að sykur sé gagnslaus, hann er beinlínis skaðlegur. Ég segi oft við læknanema að holl fæða að viðbættum sykri í hvaða mynd sem er geri það að verkum að fæðið verði óhollt. Ástæðan er sú að þeim sykri sem bætt er í fæðuna er

algjörlega ofaukið, og þessi viðbótr yður burt hollum næringarefnum og veldur offitu. Ég held að þorri fólks borði meira eða minna af sætabrauði á hverjum einasta degi. Það notar sykur óspart í kaffi og te, auk þess sem sykur er talsvert notaður í matargerð. Til dæmis má nefna brúnaðar kartöflur og ávaxtamauk sem borði er fram með kjötréttum. Þetta þekkja allir og þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að þegar allt er talið verður þetta ekkert smáraði, sagði Snorri Páll. - Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á því að það er ekki fyrr en á síðustu öld að samþjappaður sykur verður neysluvara. Áður þekktust ekki önnur sætindi en hunang og svo sætir ávextir.

Hvað með púðursykur?

Púðursykur er óhollur og það eina sem segja má um hann er að hann er kannski ekki eins óhollur og hvítasykurinn. En hollur er hann ekki.

Pú nefndir að matur ætti að vera fjölbreyttur. Þegar litið er á vöruluval í verslunum er kannski ekki fráleitt að álykta að vart verði hjá því komist að fólk fái fjölbreyttu fæðu.

Fæðið á að vera fjölbreytt en það þýdir ekki að það sé nóg að neyta margra tegunda, meira og minna af handahófi. Það er hægt að skipta kolvetnum í two flokka, - holl kolvetni og óholl. Þau hollu er til dæmis að finna í brauði og kornmat yfirleitt, og þá er að sjálfsögðu átt við korn þar sem ekki er búið að fjarlægja hýðið en í því er mest af bætfefnum. Holl kolvetni eru einnig í kartöflum og ávöxtum og í öllu þessu er sykur sem líkaminn þarf vissulega á að halda, en það er ekki sykur sem búið er að hreinsa öll nýt efni úr. Ef við tökum svo óhollu kolvetnin þá eru þau í allri þeirri jurtafæðu sem þjöppuðum sykri hefur verið bætt í, - einnig í kornmat þar sem kímið og hýði

kornsins hefur verið numið brott ásamt vítamínum og steinefnum.

Undanfarið hefur hart verið deilt um landbúnaðaráfurðir, ekki síst eftir að verð á undanrennu hækkaði verulega. Hafa ýmsir haft á orði að með þeirri ráðstöfun hafi opinberir aðilar beinlínis stuðlað að því að fólk neyti óhollar mjólkurfitu. Eru landbúnaðaráfurðir - og þá sérstaklega mjólkurfita - skaðlegar heilsu manna?

Landbúnaðaráfurðir sem slíkar eru ekki óhollar en óhollustan felst í því að þær eru of ríkur þáttur í daglegri fæðu. Þegar ofneysla sykurs bætist við of mikla fituneyslu þarf enginn að verða undrandi á því að hjarta- og æðasjúkdómar færst í vöxt, svo og offita. Hins vegar er engin ástæða til að ætla að mjólkurfita sé óhollari en önnur hörð eða mettuð fita. Hún inniheldur raunar A- og D-bætfiefni sem eru líkamanum nauðsynleg.

Hver er munurinn á mettaðri fitu og ómettaðri?

Mettuð fita er sú sem storknar við stofuhita, og hana er yfirleitt að finna í kjöti og mjólkurfurðum. Ómettuð fita er fljótandi fita eða olíur og hún fæst úr jurtum. Mikil neysla mettaðrar fitu eykur blóðfituna - eða kólesterólið í blóðinu. Það gerir ómettaða fitan hins vegar ekki. Hún dregur meira að segja frekar úr blóðitu. Of mikil blóðrita veldur efnaskiptatruflum, sem síðan leiða af sér æðakölkun. Þess má geta að blóðita hjá Íslendingum er ein sú hæsta sem þekkist. Í stað þess að nýta mettuðu fituna vinnur líkaminn ekki úr henni, heldur verða úrgangsefni sem svo má kalla eftir í líkamanum, og þau orsaka svo þessa alræmdu kölkum æðaveggjanna. Æðarnar þrengjast svo smátt og smátt með alkunnum afleiðingum.

Nú er nauðsynlegt að geta þess að fiturík fæða getur verið heppilegur

orkugjafi undir vissum kringumstæðum. Fólk sem vinnur mjög mikla erfðisvinnu getur nýtt allmikla fitu og fengið úr henni orku. Einnig þeir sem lifa í heimskautaloftslagi. En kringumstæður sem þessar eru svo sjaldgæfar að ekki er unnt að ráðleggja neyslu fituríkrar fæðu almennt.

En nú brennir fólk misjafnlega miklu. Sumir eru sietandi, án þess þó að safna offitu, og svo eru þeir sem ekki virðast borda óhóflega en eru samt alltof feitir.

Petta er rétt. Það er nokkuð einstaklingsbundið hvað fólk brennir miklu, það er að segja efnaskipti líkamans eru ekki staðlað fyrirbæri. Svo hreyfir fólk sig líka misjafnlega mikið. En almennt er að á nokkrum áratugum hafi Íslendingar – eins og aðrar velmegunarrþjóðir – breyst í **kyrrsetuþjóð**. Vinnandi fólk í hefur fjölgæð mjög í atvinnugreinum sem krefjast líkamlegs erfðis í mjög takmörkuðum mæli eða jafnvel algerrar kyrrsetu. Það sem við köllum í daglegu tali erfðisvinnu hefur líka breyst verulega með aukinni vélanotkun og tæknivæðingu yfirleitt. Þessar breytingar hafa orðið án þess að fólk geri sér grein fyrir því að þarfir líkamans breytast jafnfram.

Í eðli sínu er maðurinn ekki kyrrsetuvera. Öll líkamsbyggingin vitnar um það og eins má merkja það á því að þessir svokölluðu menningarsjúkdómar fara ekki að gera vart við sig að marki fyrr en tæknin kemur til sögunnar og fer að léttu undir og fækka erfðisvinnustundum. Um leið gerist það að almenn velmegun eykst. Fólk fer að hafa rýmri fjárráð en áður var og þar með efni á að halda sig betur í mat. Það er að segja – það fer að hafa ráð á því að borga meiri peninga fyrir mat en það er langt í frá að fyrir þá peninga sé keyptur hollari matur en áður.

Pannig leggst allt á eitt með að færa manninn fjær því, sem honum er eðilegt og heldur líkamanum í jafnvægi. Matarvenjur höfum við tekið að erfðum og gerum okkur almennt ekki grein fyrir því að það sem annar hver kyrrsetumaður leggur sér til munns er matarskammtur sem hæfir erfðisvinnu-manni.

En nú hefur það færst mjög í vöxt að kyrrsetufólk stundi líkamsrækt af einhverju tagi. Stofnanir sem hafa upp á ýmiss konar leikfimi og spríkl að bjóða eru algengar, að minnsta kosti í þéttbýlinu. Hlýtur þetta ekki að hafa áhrif til mótvægis?

